

1806156 – Stefnuyfirlýsing meirihluta bæjarstjórnar 2018

Á bæjarstjórnarfundum þann 20. júní s.l. lagði bæjarfulltrúi Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir kostnaðaráætlun meirihlutasáttmála Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks, aðallega vegna sérgreindra verkefna:

Stjórnsýsluúttekt

Matráðar í skólum

Sængurgjöf

Aukin framlög og styrkir í mennta- og menningarmálum

Hækkun frístundastyrkja

Hjólabrettasvæði

Hreyfigarður

Knatthús Kaplakrika

Knatthús Ásvöllum

Endurbætur á Suðurbæjarlaug

Uppbygging hjóla- og gönguleiða

Rafhleðslustöðvar

Framboð lóða í samræmi við eftirspurn

Endurbætur á Hellisgerði

Þjónustustarfsemi í Krýsuvík

Lækkun gjalda almennt

Lækkun fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði

Þessi sáttmáli inniheldur fjölmörg verkefni sem munu kosta aukin útgjöld, fjölgun stöðugilda og fleira. Einnig mörg markmið um minni innheimtu gjalda.

Að lokum, spurningar um Krúttkörfu:

-undir hvaða bókhaldslið flokkast þessi fjárfesting?

-hvernig verður innkaupum háttað? Verður tekið tillit til umhverfissjónarmiða (taubleyjur, fjárfesting í plasti), árvekni gegn mansali (hvar framleitt og af hverjum? Barnavinna/félagsleg undirboð?).'

Svar:

„Málefнасamningur nýs meirihluta er stefnumótandi skjal sem inniheldur annars vegar skýr og mælanleg markmið og hins vegar markmið sem þarfnast frekari útfærslu. Þær útfærslur munu eiga sér stað í ráðum og nefndum bæjarins á komandi misserum. Þar verða leiðir að settum markmiðum ákveðnar, meðal annars með tilliti til kostnaðar við framkvæmd þeirra. Því er ótímabært og í raun ógerlegt, þó alltaf sé hægt að leika sér með tölur, að meta kostnað málefнасamningsins á þessum tímamarki. Vinna við einstaka þætti málefнасamningsins mun fara fram í ráðum og nefndum bæjarins þar sem allir fulltrúar bæjarstjórnar hafa aðkomu að.“



Hafnarfirði, 29. ágúst 2018

f.h. fulltrúa meirihluta
Rósa Guðbjartsdóttir og Ágúst Bjarni Garðarsson